# Pési

**Ágúst** 2011
Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

21. árgangur. 251. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

**Lesið þetta**

- **Sveitarstjóra spjall**
- **Auglýsingar**
- **Atvinna**
- **Uppskeruhátíð**
-

**Næsti Pési kemur út 15. sept 2011**

**Skil á efni er 11. sept**

**Efni í þessu blaði:**


| | |
|---|---|
| Forystugrein | 2 |
| Atvinna | 4 |
| Uppskeruhátíð | 9 |
| Leikskólinn | 12 |
| Laus störf | 14 |






“Gamli og nýi tíminn” Um Verslunarmannahelgina var Björgunarsveitin Eyvindu með sýningu á ýmsum tækjum og tólum í Reiðhöllinni. Þar á meðal voru þessar tvær dráttarvélar. Annars vegar er elsta vélin á sýningunni, árgerð 1942 , eigand er Emil á Grafarbakka og hins vegar sú stærsta , eigandi er Sigurður í Birtingaholt Ljósm:SigSigm



Ísólfur og Pálmar glaðbeittir á Bylgjulestarhátíðinni.. Ljósm:SigSigm




Garðarnir úðaðir í þurrkinum í sumar  Ljósm:SigSigm

## Sveitarstjórapistill

Það er gott að mæta eftir sumarfrí nú í ágúst og sjá að sumarið hefur þegar á heildina litið farið um okkur mjúkum höndum. Það er að verða árviss atburður að það komi langvarandi tímabil lítillar úrkomu og mikillar sólar og seinni hluti þessa sumars hefur ekki svikið okkar hvað þetta varðar. Þetta gósenveður veldur hins vegnar álagi á kaldavatnsveitur og víða hafa vatnsból látið undan síga. Það eru því afar góð tíðindi að kaldavatnsból sveitarfélagsins hafa staðist þessa áraun og frekari vatnsöflunartilraunir í Berghylsfjalli hafa borið árangur. Það verður að segjast að geta boðið sem flestum aðgang af nógu heitu og köldu vatni er grundvallarskilyrði fyrir uppbyggingu í sveitarfélaginu og góðum búsetuskilyrðum. Hins vegar er samt svo að okkur þykir margur vera nokkuð frjálslegur með mikla og langvarandi vökvun á heitum dögum á grónu landi. Það veldur miklu og ónauðsynlegu álagi á kaldavatnskerfi sveitarfélagsins og er í eðli sínu algerlega ónauðsynlegt.

Fólk verður að átta sig á því að kalt vatn eru ekki endalaus og óþrjótandi gæði sem ekki verður að fara varlega með og bið ég alla íbúa og sumarhúsafólk að hafa þetta í huga.

Annars hefur sumarið verið fjörlegt og mikill fjöldi fólks lagt leið sína í Hreppinn í sumar. Við erum að sjá að nýja Hvítárbrúin hefur mikil og góð áhrif á gengumsteymi fólks þó eflaust hafi bágt ástand hans áður en bundið slitlag var lagt á hann haft einhver neikvæð áhrif. Það var gaman að sjá hvað Bylgjulestarhelgin heppnaðist vel og það verður að segja að sú helgi er að verða mesta ferðamannahelgin hér í sveit. Það ber að þakka því fólki sem stóð að því að skipuleggja þessa helgi og þá sem voru að vinna í að gera þessa hátíð að því sem hún var, sannkallaða fjölskylduhátíð.

Verslunarmannahelgin var dálítið með öðrum blæ en bar þó eflaust með sér að veðrið var aldrei slíku vant ekki upp á sitt allra besta. Það er ótrúlegt hvað fyrirbæri eins og traktorstorfæran og furðubátakeppnin laða marga að og eru gott dæmi um hvað góðar hugmyndir geta haft mikil áhrif en þessir viðburðir eru orðnir kennimerki verslunarmannahelgarinnar á Flúðum. Það ber að þakka þeim fyrir sem halda þessum menningarviðburðum okkar gangandi og öllum þeim sem standa að því að hafa viðburði fyrir gesti og gangandi hér í sveitinni. Hins vegar er dökka hliðin á þessari helgi sú að umgengni og minniháttar skemmdarverk skemmdu fyrir góðu yfirbragði helgarinnar.

Það er leiðinlegt fyrir okkur sem viljum hafa umhverfi okkar í sómasamlegu standi að einstaklingar telji sig ekki hafa neitt betra að gera en skemma fyrir hinum. Þeir sem það gera verða að átta sig á að það eru jú ekki neinir aðrir en íbúar sem borga brúsann fyrir það sem eyðilagt er. Sveitarfélagið hefur eins og vonandi hefur sést verið að vinna að því að bæta ástand fasteigna sinna, Félagsheimilið hefur fengið nýjan svip, Heimaland er að verða að utan eins og nýtt hús, Íþróttahúsið málað auk fleiri viðhaldsverkefna.

Starfsmenn sveitarfélagsins og verktakar hafa staðið sig vel og eiga þakkir skildar fyrir góð störf. Hins vegar er viðhald fasteigna og umhverfis eilífðar verkefni en opinberar byggingar og svæði eru jú andlit sveitarfélagsins. Sumarið er tími sumarfría, samverustunda og ferðalaga en síðan líður það eins og öll önnur tímabil.

Núna finnur maður að allt er að fara af stað aftur af krafti, styttist í skólana, fólk snýr til baka úr sumarfríi, byrjað að taka upp úr görðum og fólk mætir endurnýjað til starfa. Ég þakka fyrir gott sumar og vona að komandi tímar beri okkur öllu gæfu og gleði.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

# Atvinna!

Starfsmann vantar í 100% starf á Flúðum. Annars vegar í 50 % starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Hins vegar er um að ræða 50 % starf við þjálfun fyrir körfuboltadeild UMFH. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Möguleiki er að útvega leiguhúsnæði. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is og Árni Þór Hilmarsson í síma 849 3870 eða arni@fludaskoli.is. Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 1. sept n.k.





Samkaup strax

**Opnunartími Versl. Strax.**

| | |
|---|---|
| Mánudaga til föstudaga | 09:00-19:00 |
| **Laugardaga** | 10:00-19:00 |
| **Sunnudaga** | 10:00-17:00 |

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***
***Sumar opnunartími hreppsskrifstofu***
***Mánudaga til fimmtudaga:***
***09:00-12:00 og 13:00-16:00***
***Föstudaga: 09:00-12:30***

# Flúðaleið ehf

***Verktaki fyrir Eimskip og Samskip***

Brottför frá Flúðum  alla virka daga: 7:00-9:00
Brottför frá Reykjavík alla virka daga:
Kl 12:00 frá Landflutningum  og
Kl 13:00 frá Flytjanda
Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.  sími: 486-1070 fax 486-6693
netfang: fludaleid@simnet.is
Símar hjá bílstjórum:
892-2370- Pálmar
892-2371  -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.
892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar

---

**Reiðhöllin á Flúðum auglýsir úrtöku fyrir Uppsveitadeildina. Þátttakendur skulu vera félagar í hestamannafélög-unum Loga Trausta og Smára.**



Úrtakan verður haldinn í reiðhöllinni þann 27 ágúst kl 14, keppt verður í fjórgang og fimmgang eftir FIPO reglum. Keppt verður um 11 laus sæti í deildinni þ.e 6 sæti Smárafélaga, 2 sæti Logafélaga og   3 sæti Traustafélaga.
Skráningar sendist á ksb@internet.is  við skráningu komi fram IS nr hests og kt knapa  Skráningum skal lokið fyrir kl 20 þriðju-daginn 23 ágúst
Skráningargjald er 3000 kr og greiðist á staðnum
Hægt verður að nálgast reglurnar á heimasíðum hestamanna-félagana.



www.smari.is   http://hestamannafelagidlogi.bloggar.is

http://trausti.123.is

# Girðingarefni rafgirðingar - netgirðingar - plaststaurar

## Randbeitavír



Hvítur/Orange 250 m
Kr. 2.652

## Rafgirðingareipi



200 m
Kr. 5.602

100 m
Kr. 2.954

## Rafgirðingaborði



200 m
Kr. 3.145
100 m
Kr. 1.754



Plasteinangrari
Kr. 64



Egg-einangrari
Kr. 110

## Randbeitastaurar



Hvítur stál
Kr. 563

Hvítur plast
Kr. 398



Hliðhandfang
Kr. 472



Hnífrofi
Kr. 1.445



Naglbítur
Kr. 2.736



Randbeitarkefli niðurgírað
Kr. 9.527



Randbeitarkefli
Kr. 7.878



Randbeitarkefli
Kr. 5.439



Girðingartöng Fjölnota
Kr. 2.736



Digital Volt mælir
Kr. 7.276



Bilanagreinir - Volt mælir
Greinir í hvora átt útleiðsla er
Kr. 30.314

## Túngirðingarnet - gaddavír



Túngirðinganet 5 str.65cm 100m
Kr. 12.998
Túngirðinganet 7 str. 65cm 100m
Kr. 16.056
Túngirðingarnet 6 str. 900cm 100m
Kr. 15.457



Gaddavír Iowa 2,5mm 200m járnvír
Kr. 9.528
Gaddavír Motto 1,6mm 200m stálvír
Kr. 5.395



Girðingastaur gagnv. yddaður 70/1800
Kr. 398
Girðingastaur gagnv. yddaður 120/2400 Hornstaur
Kr. 2.308
Girðingastaur járn 1,8 m
Kr. 1.500

## Plastgirðingastaurar og fylgihl.

| | | |
|---|---|---|
| Vírafestingar stakar | Kr. | 15 |
| Plaststaur 1000 án/járnfótar | Kr. | 448 |
| Plaststaur 1500 m/spíss | Kr. | 573 |
| Rengla 1000 5 strengja | Kr. | 45 |
| Plast-hornstaur án/kamst.25mm | Kr. | 885 |
| Hattur á hornstaur | Kr. | 306 |
| Stagfesta á plast-hornst | Kr. | 3.399 |
| Kambstál 16mm x70cm | Kr. | 309 |
| Kambstál 20mm x 70cm | Kr. | 472 |
| Kambstál 25mm x 70cm | Kr. | 737 |
| Kambstál 25mm x150cm | Kr. | 1.579 |
| Kambstál 25mm x 200cm f/hornstaur | Kr. | 1.860 |

## Fyrir sauðburðinn



Lamba-mjólkurduft
Kr. 7.880
10 KG.

LAMB AID



Fyrir nýfædd veikburða lömb. Styrkir ónæmiskerfið og bætir meltinguna.

- Merkilitir
- Burðaslím
- Klaufaklippur
- Lambasnara
- Lambatúttufötur
- o.fl. o.fl.

LANDSTÓLPI

480 5600 landstolpi.is

# Fótaaðgerð!

Verð í Heimalandi föstudaginn 19.ágúst.
Tímapantanir í síma: 863 0433 frá kl 10:00-17:00
Sólveig Jóhannsdóttir
Löggiltur fótaaðgerðafræðingur

## Ganga eldri borgara

Gönguferðir eldri borgara hefjast aftur þriðjudaginn 23. ágúst eftir nokkurra vikna hlé. Við hvetjum þá sem heima hafa setið í sumar að koma með og njóta hollrar hreyfingar.

Öllum er heimil þátttaka.
Undirbúningsnefnd

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði
(næst 13 sept 2011)



**Hár-Hrun**
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.

## Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

| | |
|---|---|
| Mánudaga til föstudaga: | 17:00-21:00 |
| Laugardaga | 12:00-18:00 |
| Sunnudaga: | 12:00-18:00 |



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

# Frá Bókasafni Hrunamanna

**Vinsamlegast athugið: Bókasafnið verður lokað 22. – 26. ágúst.**

**Vetraropnun frá 1. september:**

| | |
|---|---|
| **Mánudaga** | **Kl. 20-21** |
| **Þriðjudaga** | **Kl. 16-18** |
| **Miðvikudaga** | **Kl. 16-18** |
| **Fimmtudaga** | **Kl. 16-18** |

Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.
Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.
Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.
Nýtið ykkur „Mínar síður“ í Gegni til að sjá skiladag, framlengja og fleira.
Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.
Lestrarstund er gæðastund J

Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 486 6708
Netfang: bokasafn@fludir.is
Heimasíða: http://bokasafn.fludir.is/

---

Flúðaskóli
virðing vitneskja Hrunamannahreppur, 845 Flúðir, sími 4806610, fax 4806616, fludaskoli@fludaskoli.is

## Til matvælaframleiðenda!

Í mötuneyti Flúðaskóla eru framreiddir um 270 matarskammtar í hádegi hvern virkan dag meðan skólinn er starfræktur. Auk nemenda grunnskólans er mötuneytið starfrækt fyrir elliheimilið, leikskólann og starfsmenn hreppsins. Stefna Flúðaskóla er að versla sem mest af því hráefni úr nágrenninu. Óskum eftir að framleiðendur grænmetis, kjöts eða fisks í nágrenninu, sem áhuga hafa á viðskiptum við skólann sendi tölvupóst til fludaskoli@fludaskoli.is sem fyrst. Vörur verða valdar með tilliti til gæða og verðs.

# Uppskeruhátíð 2011 í Hrunamannahreppi

Uppskeruhátíðin 2011 verður **10.september** næstkomandi.
Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

---

Í tengslum við Uppskeruhátíðina þann 10. sept nk. verður haldinn markaður í Félagsheimili Hrunamanna eins og síðastliðin ár og gefst íbúum þar kostur á að selja sína framleiðslu, eins og matvæli og handverk úr heimabyggð. Þeir sem vilja panta borð er bent á að hafa samband við Bjarneyju, S: 895-8978 eða Hörpu, S: 864-4482 eða email: bjaben@simnet.is, vægt borðagjald verður innheimt eða 1000 kr á borð.

---

Til áhugasamra um
stinnan rass og sléttan maga
Ég verð ekki með Boltaleikfimi í vetur og
mun sakna ykkar mikið.
Kveðja Júlíana

---


## Grænna land ehf.

**Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:**

- Áburðargjöf
- Beðahreinsun
- Garðsláttur
- Garðaúðun
- Gróðursetning trjáplanta
- Ráðgjöf um hönnun garða
- Trjáklippingar
- Trjáplöntusala
- Þökulagnir



*Erla Björg Arnardóttir*
*Garðyrkjufræðingur*
*Sími: 858-3399*
*graennaland@simnet.is*




Fjallaraf
sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
*Andlitsbað Húðhreinsun*
*Litun og plokkun Handsnyrting*
*Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir*
*Tímapantanir í síma 566-8342*
*og 856-1599(Hlíf)*

# Frá þjóðhátíðarnefnd

Að venju var 17. júní haldinn hátíðlegur í Hrunamannahreppi að viðstöddum fjölda manns. Hátíðin hófst á hefðbundinni dagskrá í íþróttahúsinu og að henni lokinni tóku við fastir liðir eins og 17. júní hlaup og kassabílarallý. Í sundlauginni áttust við félagar í Björgunarfélaginu Eyvindi og Slökkviliðinu við mikla lukku þar sem félagarnir lögðu sig alla fram um að gera þennan viðburð sem skemmtilegastan. Skúli, unglingahreyfing björgunarsveitarinnar bauð svo upp á kassaklifur auk þessa að vera með blöðru- og nammisölu.
Þjóðhátíðarnefnd þakkar öllum þeim sem áttu þátt í að gera þjóðhátíðardaginn eins vel heppnaðan og raun bar vitni.

# Úrslit í 17. júní hlaupi 2011

**Yngri stelpur**

Karólína Lea
Una Bóel Jónsdóttir
Kolfinna Iðunn

**Yngri strákar**

1. Viktor Logi Ragnarsson
2. Máni Snær Benediktsson
3. Páll Magnús Unnsteinsson

**Eldri stelpur**

Þórdís Jóna Kristjánsdóttir
Kristín Helgadóttir
Andrea Thorsteinson

**Eldri strákar**

1. Jónas Rafn Ölvisson
2. Guðmundur Aron Víðisson
3. Einar Trausti Svansson

# Úrslit í kassabílarallýi 2011

**Yngri hópur**

Íslenska þruman à Kristinn Styrmisson, Steinar, Nói Jónsson á 19,6 sek
Fíat 1 à Hannibal Sindri Óskarsson, Hörður Þórarinsson, Heiðar Smárason á 20,3 sek

**Eldri hópur**

Fíat 2 à Gulli, Tobbi og Jónas á 16,56 sek
Essasú og sigurvegararnir à Silja, Ylfa og Svava Lovísa á 17,56 sek
Gellzurnar à Þórdís, Hrafndís og Aníta á 22,9 sek
Áttan à Guðleif, Kristín og Gabríel á 45,6 sek

# Úrslit í kassaklifurkeppni 2011

Sigríður Helga Steingrímsdóttir náði flestum kössum og sigraði þar með kvennaflokkinn með 23 kassa
Ejnar Olsen vann strákaflokkinn með 20 kassa

Leikskólinn Undraland

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

# Gjaldskrá Undralands 2011

| | Gjald fyrir vistun 1 dag í viku ▼ | Gjald pr. mán. fyrir vistun 5 daga í viku. ▼ | Gjald forgangshópa fyrir vistun 1 dag í viku. ▼ | Gjald forgangshópa pr. mán. fyrir vistun 5 daga í viku. ▼ |
|---|---|---|---|---|
| 1 klst. | 580 | 2.899 | 435 | 2.175 |
| 4 klst. | 2.320 | 11.598 | 1.740 | 8.698 |
| 5 klst. | 2.899 | 14.497 | 2.175 | 10.873 |
| 6 klst. | 3.479 | 17.397 | 2.610 | 13.048 |
| 7 klst. | 4.059 | 20.296 | 3.044 | 15.222 |
| 8 klst. | 4.639 | 23.196 | 3.479 | 17.397 |

**Afsláttur á vistunargjöldum:**

Annað barn 25% afsláttur.

Þriðja barn 100% afsláttur.

Forgangshópar 25% afsláttur.

**Matarkostnaður á dag:**

Morgunhressing 58 kr.

Síðdegishressing 89 kr.

Hádegismatur 230 kr.

Innheimt er sérstakt gjald fyrir hverjar 15 mínútur sem barn er sótt of seint sem byrjar að líða 10 mínútum eftir lok vistunartíma. Gjaldið er 500 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mín.

Hægt er að kaupa aukavistun hjá deildar- aðstoðar- og leikskólastjóra, ef mannafli leyfir, þá kostar hver klukkustund 250 kr.

**Vistunartímar leikskólans**

4 tíma vistun. 8:00-12:00 / 9:00-13:00

5 tíma vistun. 8:00-13:00 / 9:00-14:00

6 tíma vistun. 8:00-14:00 / 9:00-15:00

7 tíma vistun. 8:00-15:00 / 9:00-16:00

8 tíma vistun. 8:00-16:00

**Mikilvægt er að uppsagnarfrestur sé virtur, þ.e. mánaðaruppsagnarfrestur.**

**Vöruflutningar**
**Reykjavík—Árnessýsla**

**Vörumóttaka Héðinsgata 1-3**

**VÖNDULL ehf**
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

Málningavörur-efni og áhöld-sprey á heyrúllur.
Kítti-frauð-gluggaþéttilistar-áltröppur.
Fyrir bílinn-hreinsiefni-olíur-þurkur-perur og öryggi.
Bogasagir-lóðbyssa-strekkiborðar.
Fyrir dýrin-hundamatur-kattamatur-varpfóður-hestavörur.
Eldhúskranar-handlaugarkranar-sturtubarkar og handlaugar.
Múr-Maskinu- og Borðaboltar-skinnur og rær.
Fyrir heimilið-pönnukökuspaði-silicon bökunarform-ryksegulbusti-reykskynjari-skarttengi-balar.
Bréfabindi-pappír-umslög.
Heftibyssur-hefti-límbyssa.
Plast og járn fittings-vatnslásar-niðurföll og botnventlar.
Flísar-parket-dúkar-teppi.
Sement-múrblöndur og flísalím.
Lopi-band-rennilásar-tvinni-nálar.
Nýtt blað frá Tinnu núna í ágúst.
Í september byrjar vetraropnun á laugardögum frá kl. 11-14.

VERIÐ VELKOMIN – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Flúðaskóli
virðing vitneskja Hrunamannahreppur, 845 Flúðir, sími 4806610, fax 4806616, fludaskoli@fludaskoli.is

# Laus störf við Flúðaskóla

## Skólaritari og starfsmaður í ræstingar

Skólaritari í 50% starfshlutfall frá 1. september 2011.

Vinnutími 9:00 – 13:00.

Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu, vera vel ritfær og geta unnið sjálfstætt.

Starfsmaður við ræstingar í 75% starfshlutfall frá 22. ágúst.

Vinnutími 12:00 – 18:00.

Við erum að leita að jákvæðum einstaklingum með góða samskipta-greind.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Foss.

Upplýsingar gefa Guðrún og Jóhanna Lilja í síma 480 6610.

---

# Boltaleikfimi

Ágætu heilsukonur nær og fjær.
Í vetur verður boðið upp á boltaleikfimi eins og áður en með þó örlítið breyttu sniði. Helstu breytingar verða þær að nýr kennari kemur til með að sjá um námskeiðið (með góðu samþykki Júlíönu) og reynt verður að halda formi námskeiðsins í svipuðu móti og verið hefur.
Kennt verður í Reykholti og hefst námskeiðið 7. september.
Nánari upplýsingar munu birtast fljótlega en ef einhverjar spurningar vakna er hægt að hringja í Helgu Kristínu í síma 866-4998/486-1169 eða senda póst á helga_kr@hotmail.com.

Hlakka til að heyra frá ykkur. Með bestu kveðju,
Helga Kristín Sæbjörnsdóttir
Íþrótta- og heilsufræðingur.

# *Gæðingamót Smára*

**Gæðingamót Smára fer fram í Torfdal þann 20 ágúst. Keppt verður í :**



**Barnaflokki (10-13 ára)**
**Unglingaflokki (14-17 ára )**
**Ungmennaflokki ( 18-21 árs)**
**A flokki**
**B flokki**
**Opin töltkeppni**
**Skráningum skal skilað á smari@smari.is fyrir kl 20 þann 16 ágúst.**

**Í skráningu þarf að koma fram nafn og kennitala knapa, is númer hests, nafn og litur, í hvaða flokki skal keppt og upp á hvora höndina skal riðið Sé greiðandi annar en knapi skal taka nafn knapa fram í skýringu.**
**Skráningargjald er í fullorðins og ungmennaflokk 2500 kr fyrir fyrsta hest en 1500 kr eftir það og í barna og unglingaflokk 1500 kr.**
**Skráningargjald í töltkeppni er 3000 kr.**
**Skráningargjald skal leggja inná reikn Bank 325-26-39003**
**Kennitala: 431088-1509**

## Starfsmaður

Starfsmann vantar í 100% starf við í húsvörslu, aðallega vegna íþrótta-húss og sundlaugar, og ýmis tilfallandi störf hjá áhaldahúsi hreppsins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600

eða jon@fludir.is.Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um

Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi

1. sept n.k.



Reynir og Sólveig í  nýja gróðurhúsinu í Götu                    Ljósm:SigSigm



Unnið við vatnsveituframkvæmdir í Fagradal    Ljósm:HK